

## **Reglur um úthlutun styrkja til lista- og menningarstarfs í Þingeyjarsveit**

1. Styrkveitingar fari fram tvisvar á ári, á reglulegum fundum félags- og menningarmálanefndar í mars og október. Auglýsa skal eftir styrkumsóknum í febrúar og september ár hvert. Auglýsa skal í þeim auglýsingamiðlum sem gefnir eru út í Þingeyjarsveit hverju sinni sem og á heimasíðu sveitarfélagsins.
2. Styrki má veita einstaklingum, félögum og samtökum sem starfa að lista- og menningarmálum og hafa eflingu menningarstarfs í Þingeyjarsveit að markmiði sínu. Styrki má veita vegna einstakra verkefna eða viðvarandi starfsemi. Nefndin metur hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.
3. Umsækjendur styrkja skulu hafa lögheimili í Þingeyjarsveit.
4. Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl sem og greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða formanns félags- og menningarmálanefndar. Umsóknir skulu vera skriflegar og undirritaðar af forsvarsmanni og/eða stjórn þess félags sem sækir um styrk. Umsóknir sem berast í tölvupósti jafngilda skriflegum umsóknum.
5. Hverri umsókn skal fylgja greinargerð um starfsemi viðkomandi félags og/eða það verkefni sem vinna skal að. Tilgreina skal í hvaða verkefni eigi að nota þá fjármuni sem sótt er um. Styrkbeiðnum vegna reglulegrar starfsemi formlegs félagsskapar skal fylgja ársreikningur viðkomandi félags vegna síðasta árs og/eða fjárhagsáætlun vegna yfirstandandi árs. Umsóknum vegna einstakra viðburða eða afmarkaðra verkefna skal fylgja fjárhagsáætlun.
6. Félags- og menningarmálanefnd getur kallað forsvarsmenn félaga á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur Félags- og menningarmálanefnd falið formanni nefndarinnar að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir.
7. Félags- og menningarmálanefnd getur skilyrt styrki og gert samninga um afhendingu þeirra. Formaður félags- og menningarmálanefndar skal fylgjast með að skilyrðum vegna skilyrtra styrkja / samningsbundinna styrkja sé framfylgt.
8. Styrkþega ber að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Berist greinargerð ekki getur það hamlað frekari styrkveitingu.

Samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 6.10.2016